

I. Opnunargjald.**131**

1. Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar, er óheimilt að opna fyrir en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 10.00 opnunargjald á skrifstofu rafveitunnar.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust. Er óheimilt að opna aftur, fyrir en notandi hefur greitt kr. 10.00 á skrifstofu rafveitunnar.

29. júní

J. Ákvæði vegna vatnsskorts.

Ef fyrirsjáanlegt er að dómi rafveitustjóra, að örðugleikar verði á rekstri rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn með samþykki ráðuneytis gert bráðabirgðaráðstafanir, er hún telur heppilegar til að draga úr orkunotkun á veituvæðinu meðan á vatnsskorti stendur.

K. Heimild rafveitustjórnar til breytinga á gjöldum.

Bæjarstjórninni er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórnin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar og hreppsnefnd Eyrarhrepps, hafa samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir rafveitu Ísafjarðar, nr. 15 8. marz 1937, ásamt síðari breytingum.

Atvinnumálaráðuneytið, 29. júní 1950.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING**132**

30. júní

**um bráðabirgðabreyting á hafnarreglugerð fyrir Húsavíkarkauptún,
nr. 121 7. desember 1935.**

1. gr.

Vörugjöld, hafnar- og bryggjugjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu framvegis innheimtast með 50% viðauka, til viðbótar áður staðfestum hækkunum.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. júní 1950.

F. h. r.

Páll Pálmason.

Brynj. Ingólfsson.